

Eftirfarandi skrá yfir villtar plöntur í Hrísey er byggð á ritgerð Ingimars Óskarssonar um gróður í Hrísey, sem birtist í ritum Vísindafélags Íslendinga árið 1930, en einnig á plöntusafni Náttúrufræðistofnunar Íslands svo og óbirtum heimildum og skráningum frá ýmsum öðrum heimildarmönnum svo sem rakið verður hér að neðan.

Segja má að rannsóknir á flóru Hríseyjar hefjist þegar Ingimar Óskarsson fer um eyna til að skoða gróður árið 1926. Hann safnaði allmiklu af plöntum í vikunni 22.-26. júní það sumar í Hrísey, og er það safn varðveitt á Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík. Hann birti síðan ritgerð um gróður í Hrísey í ritum Vísindafélags Íslendinga árið 1930. Þar eru taldar 170 tegundir plantna sem hann hafði séð í Hrísey. Þarna er því mjög góð heimild um gróður í Hrísey á þeim tíma, til samanburðar við þann gróður sem við sjáum í dag. Árið 1931 rannsakaði Ingólfur Davíðsson gróður á Árskógsströnd, og virðist hafa farið til Hríseyjar 7-8. júlí það ár. Þá safnar hann þar tveim tegundum sem Ingimar hafði ekki getið, vætuskufl og skrautpunti. Raunar virðist enginn annar hafa veitt þessum tegundum athygli síðar.

Eftir heimsókn Ingólfs fer lítið fyrir plöntuathugunum í Hrísey fyrr en eftir 1960. Árin 1964 og 1965 mun Helgi Hallgrímsson eitthvað hafa farið um Hrísey, en mestu munar þegar fuglafræðingar fara að dvelja langdvölum í eyinni um og eftir 1967. Þeir voru duglegir að líta eftir plöntum. Finnur Guðmundsson safnaði plöntum í Hrísey árið 1967, Arnþór Garðarsson 1967-1968, Ævar Petersen 1971, 1973 og 1974, og að lokum Skarphéðinn Þórisson 1974-1976. Allmikið bættist við af heimildum um plöntur í Hrísey á þessu tímabili.

Elín Gunnlaugsdóttir vann við rannsóknir á gróðursamfélögum í Hrísey seint í ágúst 1990, og fór aftur um eyna og skráði plöntur 1996. Hörður Kristinsson skráði einnig plöntur í Hrísey árið 1996, og aftur með Huldu Steingrímsdóttur 1997, og enn 1998.

Í eftirfarandi samantekt um flóru Hríseyjar eru heimildir nýttar frá öllum þessum ferðum ásamt plöntusafni Náttúrufræðistofnunar Íslands. Kemur þar fram að í heild hafa verið skráðar 221 tegund í eyinni. Í heild hafa því rúmar 50 tegundir bætt við, en hins vegar hafa nokkrar (um 14) tegundir sem skráðar voru 1930 ekki fundizt þar aftur hin síðari ár.

Nafngiftir plantna fylgja Íslenzku plöntutali sem birt er á www.floraislands.is, en það er að mestu eftir Lid's Norsk flora eftir Reidar Elvén 2005. Skammstafanir heimildarmanna eru sem hér segir:

Elín Gunnlaugsdóttir	E.G.
Finnur Guðmundsson	F.G.
Helgi Hallgrímsson	H.Hg.
Hulda Steingrímsdóttir	H.St.
Hörður Kristinsson	H.Kr.
Ingimar Óskarsson	I.Ósk.
Ingólfur Davíðsson	I.Dav.
Skarphéðinn Þórisson	Sk.Þór.
Ævar Petersen	Æ.Pet.

Flóra Hríseyjar

Byrkningar

Jafnaættin

Lycopodiaceae

1. **Skollafingur** *Huperzia selago* (L.) Bernh. Ex Schrank & Mart. – Fremur óvída. Í móm austast á eyggi (Sk.Þór. 1975). Uppi á háeyggi, á móts við Miðbæ eða litlu norðar, einn toppur í mómum (H.Kr. 1998). Fannst fyrst af H.Hg. árið 1965.
2. **Litunarjafni** *Diphasiastrum alpinum* (L.) Holub. – Hér og hvar í gildrögum og dældum efst á eyggi (H.Kr. 1998). Fyrst fundinn 1965 af H. Hg, einnig skráður af Æ.Pet. 1971 og Sk.Þór. 1975.

Mosajafnaættin

Selaginellaceae

3. **Mosajafni** *Selaginella selaginoides* (L.) P. Beauv. – Algengur.

Elftingarættin

Equisetaceae

4. **Klóelfting** *Equisetum arvense* L. – Algeng.
5. **Vallelfting** *Equisetum pratense* Ehrh.- Algeng.
6. **Mýrelfting** *Equisetum palustre* L. – Algeng.
7. **Beitieski** *Equisetum variegatum* Schleicher ex Weber & D. Mohr – Allvíða.
8. **Eski** *Equisetum hyemale* L. - Á fáeinum stöðum.

Naðurtunguættin

Ophioglossaceae

9. **Tungljurt** *Botrychium lunaria* (L.) Sw. – Fremur algeng.
10. **Lensutungljurt** *Botrychium lanceolatum* (Gmel.) Angstr. – Mjög sjaldgæf, í graslendi neðan vegar, rétt norðan bæjar [hvaða bæjar?](#) (Sk. Þór.1975).

Tófugrasættin

Woodsiaceae

11. **Tófugras** *Cystopteris fragilis* (L.) Bernh. – Á nokkrum stöðum í klettum við sjóinn.

Tvíkímblöðungar

Víðisættin

Salicaceae

12. **Fjallavíðir** *Salix arctica* Pall. – Algengur.
13. **Loðvíðir** *Salix lanata* L. – Algengur.
14. **Grasvíðir** *Salix herbacea* L. – Algengur.
15. **Gulvíðir** *Salix phylicifolia* L. – Merkjanes og örfáir aðrir staðir samkvæmt I.Ósk. 1930, mun meira áberandi í seinni tíð.

Bjarkættin

Betulaceae

16. **Fjalldrapi** *Betula nana* L. – Sást hvergi árið 1930. I.Ósk. telur fjalldrapa hafa horfið úr Hrísey vegna beitar. Fannst fyrst aftur árið 1990 (E.G.) og síðan við hverja athugun eftir það.
17. **Ilbjörk** *Betula pubescens* Ehrh. – Fyrst skráð 1995, hefur áður verið í ræktun á Yztabæ..

Súruættin

Polygonaceae

18. **Túnsúra** *Rumex acetosa* L. – Algeng.
19. **Njóli** *Rumex longifolius* DC. – Ekki getið árið 1930, fyrst skráður árið 1995 (E.G.). Fannst árið 1997 á nokkrum stöðum allt frá byggðinni syðst á eyjunni og alllangt norður fyrir Yztabæ.
20. **Naflagras** *Koenigia islandica* L. – Allvíða.
21. **Kornsúra** *Bistorta vivipara* (L.) Delarbre – Algeng.
22. **Blóðarfi** *Polygonum aviculare* L. – Sagður allvíða af I.Ósk. 1930, einnig getið 1997.
23. **Ólafssúra** *Oxyria digyna* Hill. – Hér og hvar í sjávarklettum samkvæmt I.Ósk. 1930, einnig skráður 1997.

Gullintoppuættin

Plumbaginaceae

24. **Geldingahnappur** *Armeria maritima* (Miller) Willd. – Algengur.

Hélunjólaættin

Chenopodiaceae

25. **Hrímblaðka** *Atriplex glabriuscula* Edmondst. – Á nokkrum stöðum í fjörum.

Grýtuættin

Portulacaceae

26. **Lækjagrýta** *Montia fontana* L. – Allvíða.

Hjartagrasættin

Caryophyllaceae

27. **Haugarfi** *Stellaria media* (L.) Vill. – Algengur við býli og í görðum.
28. **Stjörnuarfi** *Stellaria crassifolia* Ehrh. – Á nokkrum stöðum.
29. **Akurarfi** *Stellaria graminea* L. – Slæðingur sem ekki var kominn til Hríseyjar 1930 (I.Ósk.), fyrst skráður árið 1971 af Æ.Pet., í túni nálægt Syðstabæ. Oft skráður frá 1990 og síðar.
30. **Músareyra** *Cerastium alpinum* L. – Algengt.
31. **Vegarfi** *Cerastium fontanum* Baumg. – Algengur.
32. **Lækjafræhyrna** *Cerastium cerastoides* (L.) Britton. – Á fáeinum stöðum, einkum í röku, ræktuðu landi, einnig í sjávarbakka (I.Ósk. 1930), engar heimildir um hana síðar.
33. **Skeggsandi** *Arenaria norvegica* Gunnerus. – Allalgengur.
34. **Melanóra** *Minuartia rubella* (Wahlenb.) Hiern. – Fundin á nokkrum stöðum, m.a. í Bratta, Stapanesi og í Beitarhúsavík (I.Ósk. 1930).
35. **Fjöruarfi** *Honckenya peploides* (L.) Ehrh. – Hér og hvar í fjörum.
36. **Skammkrækill** *Sagina procumbens* L. – Algengur, einkum við fjöru.
37. **Langkrækill** *Sagina saginoides* (L.) Karst. – Algengur.
38. **Hnúskakrækill** *Sagina nodosa* (L.) Fenzl. – Á nokkrum stöðum við Yztabæ árið 1930 (I.Ósk.), oft fundinn síðar.
39. **Holurt** *Silene uniflora* Roth. – Sjaldgæf, fannst fyrst árið 1997.
40. **Lambagras** *Silene acaulis* L. – Algengt.
41. **Ljósberi** *Viscaria alpina* (L.) G. Don. – Talinn algengur af I.Ósk. 1930, einnig skráður aftur af H.Hg. árið 1964, en hefur ekki sést síðan.

Sóleyjarættin

Ranunculaceae

42. **Hófsóley** *Caltha palustris* L. – Sjaldgæf, Yztibær (I.Ósk. 1930), sást einnig 1997.
43. **Brennisóley** *Ranunculus acris* L. – Algeng.
44. **Skríðsóley** *Ranunculus repens* L. – Skráð 1996 af E.G..
45. **Trefjasóley** *Ranunculus hyperboreus* Rottb. – Fundin af á fáum stöðum af I.Ósk. 1930, meðal annars í mógröfum, hefur ekki sést síðar.
46. **Flagasóley** *Ranunculus reptans* L. – Fremur fátíð (I.Ósk. 1930). Í uppþornuðu tjarnarstæði Hólmatjarnar (Æ.Pet. 1971).
47. **Brjóstagras** *Thalictrum alpinum* L. – Allalgengt.

Krossblómaættin

Brassicaceae

48. **Vorperla** *Erophila verna* E. Mey. – Hér og hvar um eyjuna.
49. **Grávorbóm** *Draba incana* L. – Yztibær, annars staðar fremur sjaldgæf (I.Ósk. 1930). Sást einnig 1997.
50. **Hagavorblóm** *Draba norvegica* Gunn. – Allvíða samkvæmt I.Ósk. 1930.
51. **Túnvorblóm** *Draba glabella* Pursh. – Í sjávarbakka, safnað af I.Ósk. 1926, greint af Eyþóri Einarssyni.
52. **Skarfakál** *Cochlearia officinalis* L. – Víða í sjávarklettum.
53. **Hjartarfi** *Capsella bursa-pastoris* (L.) Med. – Algengur í grennd við býlin og í þorpínu.
54. **Kattarjurt** *Rorippa islandica* (Oeder & Murray) Borbás – Sjaldgæf, aðeins fundin við sjávarlón syðst á eyjunni árið 1930 (I.Ósk.). Í uppþornuðu tjarnarstæði ofan vegar (Æ.Pet. 1971). Einnig skráð 1996 og 1997.
55. **Hrafnaklukka** *Cardamine pratensis* L. ssp. *angustifolia* (Hook.) O.E.Schulz – Algeng.

Helluhnoðraættin

Crassulaceae

56. **Burnirót** *Rhodiola rosea* L. – Hafnarklettur (I.Ósk. 1930). Sást einnig 1997.
57. **Helluhnoðri** *Sedum acre* L. – Algengur.
58. **Flagahnoðri** *Sedum villosum* L. – Hér og hvar.

Steinbrjótsættin

Saxifragaceae

59. **Púfusteinbrjótur** *Saxifraga caespitosa* L. – Allalgengur, einkum í sjávarklettum.

60. **Lækjasteinbrjótur** *Saxifraga rivularis* L. – Sjaldgæfur, við ströndina í Beitarhúsavík, Stapanes í klettum (I.Ósk. 1930). Aftur skráður af Skarphéðini Þórisssyni 1975.
61. **Vetrarsteinbrjótur** *Saxifraga oppositifolia* L. – Á fáum stöðum (I.Ósk. 1930), aftur skráður af H.Hg. 1965 og H.Kr. 1997.
62. **Stjörnusteинbrjótur** *Saxifraga stellaris* L. – Fundinn hér og hvar.

Rósaættin

Rosaceae

63. **Fjalldalafífill** *Geum rivale* L. – Sjaldgæfur, Yztibær í grennd við túnið (I.Ósk. 1930). Einnig skráður 1997.
64. **Gullmura** *Potentilla crantzii* (Crantz) G.Beck ex Fritsch – Algeng.
65. **Tágamura** *Argentina anserina* (L.) Rydb. – Allvíða meðfram sjónum, bæði 1930 og 1997. Einnig á einum stað uppi á háeynni á móts við Miðbæ í þurru tjarnarbotni (H.Kr. 1998).
66. **Engjarós** *Comarum palustre* L. – Á nokkrum stöðum í votlendi. Mýrarjaðar við Miðbæ (A.G. 1967).
67. **Fjallasmári** *Sibbaldia procumbens* L. – Mjög sjaldgæfur, fundinn í Lynglág austur af Miðbæ (I.Ósk. 1926). Í uppþornuðum skurði (Æ.Pet. 1971), einnig skráður 1997.
68. **Ljónslappi** *Alchemilla alpina* L. – Algengur.
69. **Mariústakkur** *Alchemilla filicaulis* Buser – Algengur.
70. **Hnoðamariústakkur** *Alchemilla glomerulans* Buser – Á nokkrum stöðum.
71. **Holtasóley** *Dryas ctopetala* L. – Algeng.
72. **Reynir** *Sorbus aucuparia* L. – Ekki getið 1930, sást fyrst sunnan til á eyggi 1996 og 1997 (H.Kr.). Ræktaður á Yztabæ (E.G. 1996).

Ertublómaættin

Fabaceae

73. **Alaskaklúpína** *Lupinus nootkatensis* Donn ex Sims – Ræktuð á Yztabæ frá árinu **????**, en dreifist síðan stöðugt út af sjálfsdáðum. Hún er nú búin að leggja undir sig um **??** hektara lands og eyðir nær öllum lynggróðri þar sem hún fer yfir.
74. **Umfeðmingur** *Vicia cracca* L. – Líklega sjaldgæfur, fyrst skráður 1996 í jaðri þorpsins (E.G.).
75. **Mýraertur** *Lathyrus palustris* L. – Aðeins fundnar 1964 af F.G., nánari staðsetningu vantar.
76. **Hvítsmári** *Trifolium repens* L. – Víða í túnum (I.Ósk. 1930), og hefur ætíð verið skráður síðan.

Blágresisættin

Geraniaceae

77. **Blágresi** *Geranium sylvaticum* L. – Mjög sjaldgæft, aðeins 3 plöntur fundnar í Djúpulaut við túnið á Yztabæ 1926 (I.Ósk.). Var síðan skráð aftur bæði 1990 og 1997, og er líklegt að meira hafi fundizt eftir að beit létti af landinu.

Fjóluættin

Violaceae

78. **Mýrfjóra** *Viola palustris* L. – Allalgeng.
79. **Týsfjóra** *Viola canina* L. – Algeng.
80. **Prenningarfjóra** *Viola tricolor* L. – Ath.

Eyrarrósarættin

Onagraceae

81. **Sigurskúfur** *Chamerion angustifolium* – Fundinn 1995 (H.Kr.).
82. **Mýradúnurt** *Epilobium palustre* L. – Allvíða.
83. **Heiðadúnurt** *Epilobium hornemanni* Reichenb. – Á nokkrum stöðum austan til á eyggi (I.Ósk. 1930).
84. **Lindadúnurt** *Epilobium alsinifolium* Vill. – Algeng.
85. **Fjalladúnurt** *Epilobium anagallidifolium* Lam. – Mjög sjaldgæf, Slögurbakki á Yztabæ (I.Ósk. 1926).

Lófótsættin

Hippuridaceae

86. **Lófótur** *Hippuris vulgaris* L. – Fundinn á fáeinum stöðum í tjarnapollum, t.d. í sjóflæðatjörn syðst á eyggi (I.Ósk. 1930) og í gömlum svarðargröfum (E.G. 1930).

Sveipjurtaættin

Apiaceae

87. **Ætihvönn** *Angelica archangelica* L. – Sjaldgæf, aðeins við túnið á Yztabæ, líklega aðflutt (I.Ósk. 1930). Hefur síðar breiðst allmikið út, einkum í lúpínubreiðunum.
88. **Skógarkerfill** *Anthriscus sylvestris* (L.) Hoffm. – Fyrst skráður við Hafnarvík í Hrísey 1981 (H.Kr.), síðan á Yztabæ (E.G. 1996). Hann hefur síðan breiðst ört út og leggur undir sig lúpínubreiðurnar smátt og smátt.
89. **Spánarkerfill** *Myrrhis odorata* (L.) Scop. – Skráður 1996 og 1998, syðst og austast í þorpinu.

Vetrarliljuættin

Pyrolaceae

90. **Klukkublóm** *Pyrola minor* L. – Hér og hvar.

Lyngættin

Ericaceae

91. **Beitilyng** *Calluna vulgaris* (L.) Hull. – Algengt.
92. **Mosalyng** *Harrimanella hypnoides* (L.) Coville – Sjaldgæft, Syðstibær, stór breiða rétt austan við túnið (I.Ósk. 1926). Í mómum í sunnanverðri Beinalá (Sk. Þór. 1976).
93. **Sortulyng** *Arctostaphylos uva-ursi* (L.) Sprengel – Fannst fyrst í Hrísey 1997 (H.Kr.). Sortulyng hefur verið í mikilli sókn í Eyjafirði síðustu ár eftir að beit létti og hefur skotið víða upp kollinum þar sem það sást ekki áður. Dreifist að líkindum með fuglum eða hagamúsum.
94. **Sauðamergur** *Loiseleuria procumbens* (L.) Desv. – Allalgengur.
95. **Bláklukkulyng** *Phyllodoce caerulea* (L.) Bab. – Fyrst fundið í Hrísey 1967 af F.G.. Hann segir það innan um krækilyng í hallandi lyngfláka. Ævar Petersen (1971) segir það vaxa í harðbalalaut vaxinni lyngi, og Skarphéðinn Þórisson (1976) getur þess í mómum innan um annað lyng upp af Syðstabæ. Þarna mun alls staðar vera vísað til sama fundarstaðar, ofan við Stekkjarnef, ofarlega syðst á eyinni.
96. **Aðalbláberjalyng** *Vaccinium myrtillus* L. – Algengt, víða ríkjandi í dældum ofan til á eyinni (H.Kr. 1998).
97. **Bláberjalyng** *Vaccinium uliginosum* L. – Algengt.
98. **Mýraberjalyng** *Oxycoccus microcarpus* Turcz. ex Rupr. – Sjaldgæft, Syðstibær, Grafir (I.Ósk. 1930). Miðbær, í mýri austan við flugvöllinn, nálægt veginum (Sk. Þór. 1975). Einnig skráð af E.G. 1996.

Krækilyngsættin

Empetraceae

99. **Krækilyng** *Empetrum nigrum* L. – Algengt.

Mariúvandarættin

Gentianaceae

100. **Dýragras** *Gentiana nivalis* L. – Yztibær, á nokkrum stöðum (I.Ósk. 1930). Einnig skráð 1997.
101. **Mariúvöndur** *Gentianella campestris* L. – Á nokkrum stöðum, ekki algengur.
102. **Grænvöndur** *Gentianella amarella* (L.) Börner – Fyrst fundinn árið 1997.
103. **Gullvöndur** *Gentianella aurea* (L.) H.Smith – Algengur.

104. **Engjavöndur** *Gentianopsis detonsa* (Rottb.) G. Don fil. – Mjög sjaldgæfur, aðeins fundinn á Saltnesi (I.Ósk.1926).

Horblöðkuættin

Menyanthaceae

105. **Reiðingsgras** *Menyanthes trifoliata* L. – Á nokkrum stöðum (I.Ósk.1930), m.a. í gömlum svarðargröfum (E.G.1996).

Möðruættin

Rubiaceae

106. **Prenningarmaðra** *Galium trifidum* L. – Sjaldgæf, í polli vestur af Stóra-Bola (I.Ósk. 1930). Í mýri norðan flugvallar (A.G. 1968).
107. **Gulmaðra** *Galium verum* L. – Algeng.
108. **Hvítmaðra** *Galium normanii* O.C.Dahl – Algeng.
109. **Laugamaðra** *Galium uliginosum* L. – Yztibær, skurðbakki í gömlu túni (A.G. 1968). Við lítinn læk í túninu (Æ.Pet. 1971). (**Yztabæ?**)
110. **Mjúkmaðra** *Galium mollugo* L. – Yztibær, í nýrækt í túni (A.G. 1968).

Munablómsættin

Boraginaceae

111. **Gleym-mér-ei** *Myosotis arvensis* (L.) Hill. – Allvíða, m.a. á nokkrum stöðum við Yztabæ (I.Ósk. 1930) og við þorpið í Syðstabæ (E.G. 1996).

Vatnsbrúðuættin

Callitrichaceae

112. **Síkjabruða** *Callitriche hamulata* Kütz ex Koch – Fundin á einum stað, Bæli í Hrísey, í grunnri tjörn. Vestur af Stóra-Bola í um 75 m hæð yfir sjó (I.Ósk. 1930). Hefur ekki sést síðar.
113. **Vorbrúða** *Callitriche palustris* L. – Mjög sjaldgæf, mikið af henni á einum stað við sjávarlón syðst á eyggi (I.Ósk. 1930). Á kafi í tjörn neðan vegar til Yztabæjar (Æ.Pet. 971). Tegundin er einnig skráð af H.Hg. 1964.

Varablómaættin

Lamiaceae

114. **Blóðberg** *Thymus praecox* Opiz ssp. *arcticus* (E.Durand) Jalas – Algengt.

Grímublómaættin

Scrophulariaceae

115. **Lokasjóður** *Rhinanthus minor* L. – Sjaldgæfur, aðeins fundinn í Hafnarvík 1930 (I.Ósk.). Einnig skráður 1995 og 1997.
116. **Smjörgras** *Bartsia alpina* L. – Allalgengt.
117. **Augnfró** *Euphrasia wettsteinii* Gussarova – Sjaldgæf, aðeins fundin á Lendingarbakka árið 1930 (I.Ósk.). Í þurrum móum við uppbornaða tjörn (Æ.Pet. 1971). Einnig skráð 1996 (E.G.) og 1997 (H.Kr.).
118. **Lækjadepla** *Veronica serpyllifolia* L. – Allalgeng.
119. **Steindepla** *Veronica fruticans* Jacq. – Allalgeng samkvæmt I.Ósk. 1930, hefur ekki verið skráð þar síðar.
120. **Fjalladepla** *Veronica alpina* L. – Nokkuð algeng.
121. **Skriðdepla** *Veronica scutellata* L. – Hér og hvar.

Blöðrujurtættin

Lentibulariaceae

122. **Lyfjagras** *Pinguicula vulgaris* L. – Algengt.
123. **Blöðrujurt** *Utricularia minor* L. – Sjaldgæf, aðeins fundin í Heimari Gröfum við Syðstabæ (I.Ósk. 1930). Í mógröf ofan sorphauganna (Æ.Pet. 1971). Einnig skráð í mógröfum árið 1998 (H.Kr.).

Græðisúruættin

Plantaginaceae

124. **Kattartunga** *Plantago maritima* L. – Á nokkrum stöðum við sjóinn, Bratti, Saltnes (I.Ósk.1930). Nyrzt á eyjunni á melabrún næst hafinu (E.G. 1996).

Bláklukkuættin

Campanulaceae

125. **Bláklukka** *Campanula rotundifolia* L. – Sjaldgæf, líklega aðeins á einum stað. Fyrst fundin af F.G. 1967, síðar skráð af Æ.Pet. 1971, í valllendi nærri lerkitrjástóði. Aftur skráð af E.G. á Yztabæ 1996.

Körfublómaættin

Asteraceae

126. **Grámulla** *Omalotheca supina* (L.) DC. – Algeng.
127. **Vallhumall** *Achillea millefolium* L. – Algengur, þó aðeins í grennd við túnin (I.Ósk.1930).

128. **Silfurhnappur** *Achillea ptarmica* L. – Slæðingur sem fyrst var skráður við þorpið (E.G. 1990 og 1996), Yztibær (H.St. 1997).
129. **Baldursbrá** *Tripleurospermum maritimum* (L.) W.D.J.Koch ssp. *phaeocephalum* (Rupr.) Hämet-Ahti – Fyrst skráð af I.Ósk. 1930, þá á þökum húsanna á Ystabæ. Syðstibær, við þorpið (E.G. 1996 og 1997).
130. **Hlaðkolla** *Lepidothea suaveolens* (Pursh) Nutt. – Syðstibær, í þorpinu (E.G. 1996).
131. **Jakobsfífill** *Erigeron borealis* (Vierh.) Simmons – Algengur.
132. **Túnfífill** *Taraxacum acromaurum* Dahlst. – Algengur, einkum í ræktuðu landi (I.Ósk.1930).
133. **Hagafífill** *Taraxacum croceum* Dahlst. Lendingarbakki (I.Ósk.1930).
134. **Skarífífill** *Leontodon autumnalis* L. – Hér og hvar.
135. **Hjartafífill** *Crepis paludosa* (L.) Moench – Sjaldgæfur, aðeins á einum stað í brekkunni neðan við Yztabæ (Sk.Þór. 1971).
136. **Íslandsfífill** *Pilosella islandica* (Lange) Á. Löve – Algengur.
137. **Roðafífill** *Pilosella aurantiaca* (L.) F.W. Schmidt & Schultz Bip. – Ystibær (E.G. 1996).
138. **Fellafífill** *Hieracium alpinum* L. – Ystibær (I.Ósk. 1930).
139. **Vargsfífill** *Hieracium lygistodon* Dahlst. – Hafnarklettur, Ystibær (I.Ósk. 1930).

Einkímlöðungar

Sauðlauksættin

Juncaginaceae

140. **Mýrasauðlaukur** *Triglochin palustris* L. – Nokkuð algengur samkv. I.Ósk. 1930, er þó ekki getið í seinni tíð.

Nykruættin

Potamogetonaceae

141. **Smánykra** *Potamogeton berchtoldii* Fieber – Mikið í Ytri- og Syðri-Gröfum á Syðstabæ, ófundin annars staðar.
142. **Fjallnykra** *Potamogeton alpinus* Balbis – Töluvert bæði í Ytri- og Syðri-Gröfum á Syðstabæ, ekki fundin annars staðar.

Brúsakollsættin

Sparganiaceae

143. **Mógrafabrúsi** *Sparganium hyperboreum* Laest. ex Beurl. – Á fáeinum stöðum á syðri hluta eyjarinnar, m.a. í Ytri- og Syðri-Gröfum.

Sýkigrasættin

Liliaceae

144. **Sýkigras** *Tofieldia pusilla* (Michx) Pers. – Allvíða.

Orchidaceae

Brönugrasættin

145. **Brönugrös** *Dactylorhiza maculata* (L.) Soo – Sjaldgæf, Hafnarvík við túnið (I.Ósk. 1930). Sást einnig 1997.
146. **Friggjargras** *Platanthera hyperborea* (L.) Lindley – Algengt.
147. **Hjónagras** *Pseudorchis straminea* (Fern) Soo – Fannst fyrst 1997.
148. **Barnarót** *Coeloglossum viride* (L.) Hartman – Algeng.
149. **Kræklurót** *Corallorhiza trifida* Châtel. – Víða í mounum.

Sefættin

Juncaceae

150. **Práðsef** *Juncus filiformis* L. – Á fáum stöðum, einkum við gamlar mógrafir.
151. **Hrossanál** *Juncus arcticus* Willd. ssp. *intermedius* Hyl. – Allvíða.
152. **Móasef** *Juncus trifidus* L. – Algengt.
153. **Blómsef** *Juncus triglumis* L. – Allalgengt.
154. **Flagasef** *Juncus biglumis* L. – Talið fremur sjaldgæft 1930 (I.Ósk.), en hefur fundizt allvíða síðar.
155. **Mýrasef** *Juncus alpinoarticulatus* Chaix – Á nokkrum stöðum í deiglendi.
156. **Laugasef** *Juncus articulatus* L. – Fannst 1997 og 1998 við mógrafirnar (H.Kr.), ekki getið áður.
157. **Lækjasef** *Juncus bufonius* L. – Skráð af A.G. 1967.
158. **Axhæra** *Luzula spicata* (L.) DC. – Algeng.
159. **Vallhæra** *Luzula multiflora* (Retz.) Lej. – Algeng.
160. **Dökkhæra** *Luzula sudetica* (Willd.) Schultes – Skráð 1967 af A.G., og aftur 1997 af H.Kr.

Stararættin

Cyperaceae

161. **Hrafnaflífa** *Eriophorum scheuchzeri* Hoppe – Á fáum stöðum (I.Ósk. 1930), sást aftur 1998 (H.Kr.).
162. **Klóflífa** *Eriophorum angustifolium* Honckeny – Algeng.
163. **Mýrafinnungur** *Trichophorum caespitosum* (L.) Hartman – Víða á suðurhelmingi eyjarinnar (I.Ósk. 1930).

164. **Vatnsnál** *Eleocharis palustris* (L.) Roemer & Shultes – Aðeins á einum stað í sjávarlóni syðst á eyggi (I.Ósk. 1930, I.D. 1931).
165. **Vætuskúfur** *Eleocharis uniglumis* (Link) Schultes – Skráður af Ingólfi Davíðs-syni, 1931.
166. **Fitjaskúfur** *Eleocharis quinqueflora* (F.X.Hartmann) O.Schwarz – Allvíða.
167. **Pursaskegg** *Kobresia myosuroides* (Vill.) Fiori – Mjög algengt (I.Ósk. 1930).
168. **Sérbylisstör** *Carex dioica* L. – Allvíða.
169. **Hnappstör** *Carex capitata* L. – Aðeins sögð austur af Merkjanesi 1930 (I.Ósk.), en hefur fundizt nokkrum sinnum síðan.
170. **Broddastör** *Carex microglochin* Wahlenb. – Allvíða.
171. **Vetrarkvíðastör** *Carex chordorrhiza* L. fil. – Allvíða.
172. **Bjúgstör** *Carex maritima* Gunnerus – Mikið í sandi og sendnum jarðvegi syðst á eyggi, einnig við Stóra-Bola (I.Ósk. 1930). Aftur skráð af Skarphéðni Þórisssyni 1976.
173. **Ígulstör** *Carex echinata* Murray – Sjaldgæf, fyrst skráð 1973 (Æ.Pet.), og síðan aftur 1997 (H.Kr.).
174. **Kollstör** *Carex macloviana* d’Urv. – Aðeins fundin á einum stað á Syðstabæ í túninu (I.Ósk. 1930). Hefur ekki sést síðar.
175. **Blátoppastör** *Carex canescens* L. – Á nokkrum stöðum á syðri helmingi eyjarinnar (I.Ósk. 1930). Einnig getið 1967 (A.G.) og 1971 (Æ.Pet.).
176. **Heigulstör** *Carex glareosa* Wahlenb. – Fannst fyrst á einum stað 1997 (H.Kr.).
177. **Fjallastör** *Carex norvegica* Retz – Á fáum stöðum (I.Ósk. 1930, A.G. 1967, Æ.Pet. 1971).
178. **Hárleggjastör** *Carex capillaris* L. – Algeng.
179. **Belgjastör** *Carex panicea* L. – Fremur sjaldgæf, í mómmýri (I.Ósk. 1930).
180. **Slíðrastör** *Carex vaginata* Tausch – Algeng.
181. **Keldustör** *Carex paupercula* Michx – Sjaldgæf. Miðbær (A. G. 1967), Langamýri (Æ.Pet. 1971).
182. **Flóastör** *Carex limosa* L. – Sjaldgæf, aðeins fundin á einum stað austur af Merkjanesi (I.Ósk. 1930). Einnig skráð af A.G. 1967.
183. **Hengistör** *Carex rariflora* (Wahlenb.) Sm. – Allvíða.
184. **Gullstör** *Carex serotina* Mérat. – Mjög sjaldgæf, við Löngumýrarkletta (H.Kr. 1968). Einnig safnað í Hrísey (óstaðsett) af F.G. 1967.
185. **Tjarnastör** *Carex rostrata* Stokes – Sjaldgæf, fyrst fundin af E.G. 1990, og síðar af H.Kr. 1997.
186. **Mýrastör** *Carex nigra* (L.) Reichard – Allalgeng.
187. **Gulstör** *Carex lynghyei* Hornem. – Allvíða.
188. **Stinnastör** *Carex bigelowii* Torrey ex Schweinitz – Algeng.

Grasættin

Poaceae

189. **Finnungur** *Nardus stricta* L. – Algengur.
190. **Melur** *Leymus arenarius* (L.) Hochst. – Fremur sjaldgæfur, í fjörum. Selaklöpp, Slögurbakki, Stóriboli (I.Ósk. 1930).
191. **Húsapuntur** *Elytrigia repens* (L.) Desv. Ex Nevski – Sjaldgæfur, aðeins fundinn við eitt hús árið 1930 (I.Ósk.). Einnig skráður 1996 og 1997 í byggðinni á sunnanverðri eyggi (E.G., H.Kr.).
192. **Ilmreyr** *Anthoxanthum odoratum* L. – Algengur.
193. **Knjálíðagras** *Alopecurus geniculatus* L. – Fyrst fundið 1990 og 1997 (H.Kr.).
194. **Vatnslíðagras** *Alopecurus aequalis* Sobol. – Fyrst fundið 1997 (H.Kr.).
195. **Háliðagras** *Alopecurus pratensis* L. – Sáðgresi sem fyrst var skráð í Hrísey 1990, en ætíð síðan og finnst nú víða um eygna.
196. **Fjallafoxgras** *Phleum alpinum* L. – Algengt.
197. **Vallarfoxgras** *Phleum pratense* L. – Sáðgresi sem fyrst var skráð í Hrísey árið 1996 í vegköntum (E.G.) og 1997 í þorpinu (H.Kr.).
198. **Varpasveifgras** *Poa annua* L. – Algengt við bæi og víðar.
199. **Blásveifgras** *Poa glauca* Vahl – Algengt.
200. **Fjallasveifgras** *Poa alpina* L. – Algengt.
201. **Vallarsveifgras** *Poa pratensis* L. – Algengt.
202. **Hásveifgras** *Poa trivialis* L. – Sjaldgæft, aðeins á Syðstabæ í gömlum, uppgrónum skurði (I.Ósk. 1930). Einnig skráð 1996 af E.G..
203. **Varpafitjungur** *Puccinellia distans* (L.) Parl. – Víða heima við bæi og einnig á ströndinni (I.Ósk. 1930).
204. **Sjávarfitjungur** *Puccinellia maritima* (Hudson) Parl. – Mjög sjaldgæfur, aðeins fundinn á Saltnesi (I.Ósk. 1930).
205. **Túnvingull** *Festuca rubra* L. ssp. *richardsonii* (Hackel) Govoruchin – Algengur.
206. **Blávingull** *Festuca vivipara* (L.) Sm. – Allvíða.
207. **Hávingull** *Schedonorus pratensis* Huds. – Á einum stað (E.G. 1996).
208. **Sandfax** *Bromopsis inermis* (Leysser) Holub – Í sáningum við vitann (E.G. 1996).
209. **Axhnoðapuntur** *Dactylis glomerata* L. – Yztibær (E.G. 1996).
210. **Lógresi** *Trisetum spicatum* (L.) K.Richter – Allvíða.
211. **Móalógresi** *Trisetum triflorum* (Bigel.) Löve & Löve – **Ath. betur**
212. **Dúnhafri** *Avenula pubescens* (Hudson) Dumort. – Syðstibær, í jaðri þorpsins, og Yztibær (E.G. 1996).
213. **Snarrótarpuntur** *Deschampsia caespitosa* (L.) Beauv. – Víða.

214. **Fjallapuntur** *Deschampsia alpina* (L.) Roemer & Schultes – Algengur.
215. **Bugðupuntur** *Deschampsia flexuosa* (L.) Trin. – Allvíða.
216. **Reyrgresi** *Hierochloë odorata* Wahlenb. – Sjaldgæft, fyrst getið 1990 (E.G.).
217. **Hálmgresi** *Calamagrostis neglecta* (Ehrh.) P.Gaertn. – Sjaldgæft samkvæmt I.Ósk. 1930, en hefur oft verið skráð síðan.
218. **Týtulíngresi** *Agrostis vinealis* Schreber – Algengt.
219. **Hálingresi** *Agrostis capillaris* L. – Algengt.
220. **Skriðlíngresi** *Agrostis stolonifera* L. – Á nokkrum stöðum.
221. **Skrautpuntur** *Milium effusum* L. – Mj. sjaldgæfur, Yztibær (I.Dav. 1931).

Eins og fram kemur hér að ofan, hefur fjöldi tegunda á listanum aukist um rúmlega 50 tegundir síðan 1930. Á sama hátt munu um 14 tegundir á lista Ingimars ekki hafa fundizt í Hrísey nú í seinni tíð. Ekkert bendir þó sérstaklega til að þær muni vera horfnar úr eygni, hitt er líklegra að þær leynist á afviknum stöðum sem ekki hafa verið skoðaðir á réttum tíma.

Svipað gildir trúlega einnig um allmargar hinna 50 tegunda sem bætzt hafa við. Líkur má telja á að t.d. bláklukkulyng, grænvöndur, hjónagras, reyrgresi, litunarjafni, skollafingur, fjalladúnurt, skrautpuntur, laugasef, dökkhæra, ígulstör, heigulstör, keldustör, gullstör og tjarnastör muni einnig hafa verið í eygni árið 1930, þótt Ingimar hafi ekki rekizt á þær. Svo virðist einnig sem Ingimar hafi verið snemmsumars á ferðinni (júní), og því ekki ólíklegt að eitthvað af þessum tegundum hafi lítt verið þroskaðar svo snemma.

Hins vegar er trúlegt að njóli, akurarfi, skógarkerfill, spánarkerfill, hlaðkolla, háfingull, dúnhafri, sandfax, axhnoðapuntur, háliðagras, vallarfoxgras og svo að sjálfsögðu lúpínan hafi allar bætzt við eftir að Ingimar var á ferðinni. Líklegt er einnig að silfurhnappur, roðafífill og hugsanlega laugamaðra hafi borizt þangað af manna völdum.

Nokkrar hafa án efa komið í ljós vegna beitarfriðunar eyjunnar, og mætt þar nefna fjalldrapa, birki, reyni og sortulyng sem dæmi. Ingimar nefnir það sérstaklega í sinni grein, að bæði birki og fjalldrapi hafi verið í eygni áður fyrr, en hann taldi báðar þessar tegundir algjörlega útdauðar þar um 1926 þegar hann skoðaði gróðurinn. Gróðurbreytingin eftir beitarfriðun mun þó felast miklu meir í breytingum á hlutfalli tegundanna, heldur en breytingu á tegundasamsetningu. Þannig má gera ráð fyrir að allur lynggróður og víðir auki þekju sína, og meiri blómgróður þrífist í skjóli þeirra en áður var. Sortulyng hefur hvarvetna í Eyjafirði verið að stinga sér niður á nýjum stöðum og breiðast út síðan breyting varð á beitarháttum. Það berst víða um með fuglum svipað og reyniviðurinn.